

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6
108 Reykjavík

Vestmannaeyjum 15. febrúar 2019
UST201901-053/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Viðhaldsframkvæmdir - Hornbjargsviti

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðafélags Íslands, dagsett 7. janúar 2018 með viðbótargögnum dagsett 30. janúar, um leyfi til framkvæmda við Hornbjargsvita innan Hornstrandafriðlandsins. Breytingar voru gerðar á umsókninn þann 6. febrúar þar sem óskað var eftir að afgreiðsla á hluti þeirra verkefna sem sótt var um leyfi fyrir yrði frestað þar öll gögn sem þurfa að liggja fyrir áður en hægt er að afgreiða þau lágu ekki fyrir að svo stöddu.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsing nr. 332/1985. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt a 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Lýsing verkefnis:

Til stendur að setja upp þurrsalerni til notkunar á vorin og haustin þegar engin starfsemi er í vitanum og endurnýja hluta fallpípu frá virkjun sem er á svæðinu. Þurrsalernið verður sett upp fast upp við eitt af útihúsunum á svæðinu og er fyrirhuguð staðsetning sýnd á mynd sem er meðfylgjandi umsókn. Gólfhlötur þess verður 1-2m². Undir þurrsalerninu verður 100 l ílát til að taka við þeim úrgangi sem til fellur. Ílátið er stækkanlegt ef þörf krefur og verður tæmt á hverju vori.

Á svæðinu er 20 KW vatnsaflstöð sem sér vitanum fyrir rafmagni og dregur þannig úr olíuþörf. Til stendur að skipta út skemmdum járnörum í fallpípu virkjunarinnar út fyrir plaströr sem eru með sama innanmál, 15 cm. Fallpípan er um 700 metra löng og hefur miðhluta hennar þegar verið skipt út. Efsti hlutinn er um 150 metra langur og neðri hlutinn 300 metrar. Nýja pípan verður lögð á sama stað og sú gamla. Gengið verður frá öllu jarðraski jafnóðum. Vegna vatnsleka hefur jarðvegur á stöku stað runnið frá/ofan af núverandi pípu. Þetta verður lagað og gengið frá landi til nákvæmlega sama horfs og það var áður. Lögnin verður grafin niður á 20-40 cm dýpi og til verksins verður notuð smágrafa af gerðinni Hitachi EX08-2B sem er á 18 cm breiðum gúmmibeltum og vegur 800 kg eða sambærilegt tæki. Grafan verður flutt á svæðið með þyrllu. Grafan verður eingöngu notuð við framkvæmdir á neðri hluta lagnarinnar sem liggur að mestu eftir gömlum túnum. Grafan mun fara meðfram lögninni frá rafstöðvarhúsi um 350 metra leið og mun fara mest 3 metra út til hliðar frá lögninni. Efri hluti lagnarinnar er í of miklum bratta fyrir gröfuna og fer vinna þar fram með handafla. Rörin í lögnina verða flutt frá Látravík fljótandi aftan í bát í 48 m löngum einingum. Rörin verða dregin upp togbrautina sem fyrir er á svæðinu á grasflöt við vitann með spili frá brautinni. Færanlegur spilbúnaður (12V „jeppaspil“ og rafgeymir) verður svo notaður til að toga þau ofar í hlíðina og koma þeim á sinn stað. Járnkarl verður notaður sem akkeri fyrir spilið. Til þess að koma í veg fyrir jarðrask þegar rörin eru dregin á sinn stað verða settir undir flangsana á rörunum eins konar „sleðar“, 100sm x100sm harðplastplötur (PVC) 10mm þykkar

með sléttu yfirborði sem strýkst með jörðinni án þess að valda raski. Stálrörin sem fjarlægð verða við endurnýjun lagnarinnar verða bútuð niður og flutt með handafla niður í fjöru þaðan sem þau verða flutt með bát út í skip til förgunar. Framkvæmdartími er 15. júní til 31. júlí 2019.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Hornstrandaneftndar sem er stofnuninni til ráðgjafar í málefnum friðlandsins. Nefndin tekur vel í uppsetningu á vetrarkamri og viðhaldi á vatnsaflsvirkjuninni. Leggur hún ríka áherslu á að vandað verði til verka þannig að langtímaáhrif framkvæmdarinnar verði engin. Lagt var til að áburði yrði dreift í sárið eftir fallpípuna en að engum fræjum yrði dreift.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki til þess fallna að rýra verndargildi svæðisins. Langtímaáhrif verkefnisins eru að mestu jákvæð með því að draga úr notkun jarðeldneytis og bæta öryggi gesta. Til skamms tíma getur framkvæmdin haft neikvæð áhrif á upplifun gesta á svæðinu með vélarhljóðum auk þess sem grafan mun falla illa inn í þá ímynd sem svæðið hefur.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á þurrsalerni og endurnýjun fallpípu við Hornbjargsvita innan Hornstrandarfriðlands að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Bréf þetta skal haft með í för á meðan verkefninu stendur og kynnt fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur gröfu utan 3 metra fjarlægðar frá neðri hluta fallpípu (350 metra leið frá rafstöðvarhúsi) sem til stendur að skipta út er óheimill.
- Tryggt skal að akstur gröfunnar valdi ekki gróðurskemmdum.
- Haga skal notkun gröfunnar með þeim hætti að hún valdi sem minnstri truflun fyrir gesti svæðisins.
- Gæta skal að mengunarvörnum gröfunnar og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að lenda þyrlum innan friðlandsins nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar.
- Forðast skal óparfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Vanda skal til verka við gröft á skurði fyrir fallpípuna. Skurður skal ekki látinn standa opinn lengur en nauðsynlegt er og þess gætt að mishæðir myndist ekki ofan á skurðinum frá jarðvegi sem ekki kemst fyrir í skurðinum þegar mokað er aftur í hann.
- Leifar fallpípu og efni sem gengur af við framkvæmdirnar skal flutt að vitanum/uppgöngu jafnóðum. Óheimilt er að farga úrgangnum innan friðlandsins og skal hann fluttur úr friðlandinu eigi síðar en framkvæmdum lýkur til förgunar á viðurkenndri endurvinnslustöð/urðunarstað.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.

- Gæta skal að sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar og halda sýnileika nýju innviðanna í lágmarki.
- Óheimilt er að dreina eða breyta farvegi vatns á svæðinu.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið tók gildi þann 15. febrúar 2019. Í stjórnunar- og verndaráætluninni eru settar fram sérstakar reglur sem gilda um umferð í friðlandinu. Samkvæmt þeim er óheimilt að lenda þyrlum í friðlandinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Þegar dagsetningar og nánari útfærsla á flutningi gröfunar inn og út úr friðlandinu liggur fyrir þarf því að sækja um leyfi fyrir lendinguni til Umhverfisstofnunar með 3 vikna fyrirvara.

Tæming kamars ár hvert fer eftir tilmælum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (í samræmi við þær reglur sem gilda um losun seyru).

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Var reikningur gefin út við móttöku umsóknar. Hafi vinnsla og útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur grunngjaldi er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu. Tímagjald fyrir umframvinnu er kr. 13.200 per klst. sbr. 1. gr. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

Kristín Ósk Jónasdóttir

Kristín Ósk Jónasdóttir
Sérfræðingur